

Ákvörðun nr. 3/2023  
Föstudagurinn 17. febrúar 2023

## Yfirtökuboð Alfa Framtaks á Origo

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna á grundvelli valfrjáls tilboðs („yfirtökuboð“) AU 22 ehf. („AU22“) í allt hlutafé Origo hf. („Origo“). AU22 er eignarhaldsfélag í fullri eigu Umbreytingar II slhf. („Umbreyting II“), sem er framtakssjóður í rekstri Alfa Framtaks ehf. („Alfa Framtak“).
2. Alfa Framtak tilkynnti opinberlega þann 12. desember 2022 um fyrirætlan sína um að leggja fram valfrjálst tilboð í Origo á grundvelli ákvæðis 101. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur. Þann 14. janúar 2023 var kunngert um helstu skilmála tilboðsins ásamt tilkynningu um að opinbert tilboðsyfirlit yrði birt þann 19. janúar 2023, sem gert var. Tilboðið gildir til 22. febrúar 2023.
3. Í ákvæði 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir að tilkynna skuli Samkeppniseftirlitinu um samruna áður en hann kemur til framkvæmda en eftir að samningur um hann er gerður, *tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð* eða yfiráða í fyrirtæki er aflað. Þar sem tilkynnt hefur verið opinberlega um yfirtökuboð í Origo er skylt að tilkynna það til Samkeppniseftirlitsins.<sup>1</sup> Ljóst er að Alfa Framtak hefur ekki enn öðlast yfiráð yfir Origo í skilningi 17. gr. samkeppnislaga en í ljósi framangreinds sendu aðilar samrunatilkynningu um yfirtökuna til Samkeppniseftirlitsins.
4. Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins <sup>2</sup> hefur verið litið svo á að sjóðir í rekstri fjármálafyrirtækja séu alla jafna taldir vera undir yfiráðum viðkomandi fjármálafyrirtækis. Verður því í þessari ákvörðun litið svo á að um sé að ræða yfirtöku Alfa Framtaks á Origo, sbr. ákvæði 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, sem getur leitt til samruna þeirra.
5. Yfirtökuboðið var tilkynnt Samkeppniseftirlitinu þann 12. janúar 2023 með svokallaðri styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 13. janúar 2023. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með henni fylgdu, sem og opinberra gagna og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
6. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:

<sup>1</sup> Þetta á sér samhljómun í samrunareglugerð ESB nr. 139/2004 en þar er gert ráð fyrir að tilkynna megi um samruna þegar aðili hefur tilkynnt opinberlega um fyrirætlan sína um að leggja fram tilboð, ef niðurstaða tilboðsins mun leiða til samruna í skilningi samrunareglugerðarinnar.

<sup>2</sup> Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2016, *Kaup Almenna leigufélagsins ehf. á Leigufélagi Kletti ehf.*, sbr. einnig ákvörðun nr. 12/2017, *Kaup almenna eigufélagsins á BK eignum ehf.* og ákvörðun nr. 17/2018, *Kaup Almenna leigufélagsins ehf. á Reykjavík Apartments ehf., X459 ehf. og L56 ehf.*



- a) Alfa Framtak er óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem leggur áherslu á framtaksfjárfestingar og starfar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.
- b) Alfa Framtak rekur tvo framtakssjóði; Umbreytingu I slhf. („Umbreyting I“) sem er fullfjárfestur 7 milljarða króna sjóður og Umbreytingu II sem er nýlega stofnaður 15 milljarða króna sjóður. AU22 er síðan eignarhaldsfélag í fullri eigu Umbreytingar II, sem formlega hefur gert yfirtökuboðið í Origo.
- c) Umbreyting I hefur yfirráð yfir fimm félögum; AU 1 ehf., AU 2 ehf., AU 3 ehf., AU 4 ehf. og AU 5 ehf. (hér eftir nefnd öll saman „AU1- 5“).
- d) AU1 -5 á eignahluti í eftirfarandi félögum:
- Allt hlutafé í félaginu Borgarplast ehf. sem er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á plastvörum til að nota í sjávarútvegi og byggingariðnaði. Velta Borgarplasts árið 2021 var 1.131 milljónir króna.
  - Allt hlutafé í Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf., („MPJ“). Starfsemi MPJ felst fyrst og fremst í framleiðslu og sölu á vörum úr grájárni og steypujárni. Uppistaða framleiðslunnar eru rekstrarvörur fyrir stóriðju, þ.e. járnsteyptar rekstrarvörur tengdar aftöppun og ofnarekstri og brunnlök fyrir gatnagerð. Velta MPJ árið 2021 var 601 milljónir króna.
  - 75% hlutafjár í félaginu Bál ehf., („Bál“) og 60,19% hlutafjár í félaginu Solvent ehf. („Solvent“). Saman eiga félögin Bál og Solvent meirihluta hlutafjár í Greiðslumiðlun Íslands ehf. („GMÍ“). GMÍ er eignarhaldsfélag sem á allt hlutafé í félögunum Motus ehf. („Motus“), Greiðslumiðlun ehf., („Greiðslumiðlun“), Slæður ehf., („Slæður“) og Lausafé ehf., („Lausafé“), auk 96% hlutafjár í félaginu Faktoría ehf („Faktoría“). Starfsemi félaganna Motus, Greiðslumiðlunar, Faktoría og Lausafé felst í alhliða kröfubjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, þ.m.t. innheimtu, fjármögnun og kaupum viðskiptakrafna en Slæður halda utan um fasteignir í eigu GMÍ. Heildarvelta samstæðu GMÍ árið 2021 var 2.019 milljónir króna.
  - 60% hlutafjár í Gröfu og grjóti ehf. („GG“). Starfsemi GG felst fyrst og fremst í hverskyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum, t.d. fleygun, fyllingu, gröfuvinnu, grjótröðun, þjöppun og lóðalögun. GG kemur einnig að efnissölu og snjómokstri, en það er þó óverulegur hluti af heildarstarfsemi félagsins. Velta GG árið 2021 var 1.488 milljónir króna.
  - 26,2% hlutafjár í Travel Connect hf., („Travel Connect“). Starfsemi Travel Connect felst í rekstri ferðabjónustu sem sérhæfir sig í ferðum til Skandinavíu, Íslands og Skotlands en dótturfélög Travel Connect eru Iceland Travel ehf., Terra Nova ehf., Nordic Visitor Sweden AB, Nordic Visitor UK Ltd., Nordic Visitor ehf., og Land og lóðir ehf., sem á félagið Magmahótel ehf. Öll þessi félög eru í ferðabjónustu, hótelrekstri eða í ferðatengdri starfsemi.
  - Origo er samstæða þjónustufyrirtækja í upplýsingatækni sem á rætur að rekja til þess að forveri þess hóf að selja skrifstofuvélar árið 1899. Hjá Origo starfa yfir 500 manns. Dótturfélög Origo hf. eru sex talsins; Application Consulting Sweden Holding AB, Svíþjóð (100% eignarhlutur), Application Consulting Sweden AB, Svíþjóð (100% eignarhlutur), Unimaze ehf., Íslandi (60% eignarhlutur), Tölvutek ehf., Íslandi (80%



eignarhlutur), Syndis ehf., Íslandi (100% eignarhlutur) og Eldhaf ehf., Íslandi (70% eignarhlutur). Félagið býður upp á margvíslegar lausnir á sviði upplýsingatækni fyrir lítil, meðalstór og stór fyrirtæki. Allt frá búnaði, stafrænni umbreytingu, kerfisrekstri og þjónustu að upplýsingaöryggi, ERP og BI, ásamt stafrænum heimi. Félagið býður enn fremur upp á sérhæfðara lausnaframboð fyrir banka, mannauðsdeildir, ferðaiðnaðinn, orkugeirann og heilbrigðisstofnanir. Viðskipti eru með hlutabréf Origo á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf. Heildarvelta samstæðu Origo árið 2021 var 18.191 milljónir króna

7. Samkvæmt samrunaskrá eru viðskiptalega forsendur fyrirhugaðra viðskipta nokkuð almennar. Alfa Framtak hafi fylgst náið með Origo og vegferð starfsmanna, stjórnenda og eigenda félagsins við uppbyggingu þess sem öflugs upplýsingatæknifélags. Ákveðin kaflaskil hafi nú átt sér stað hjá félaginu í kjölfar sölu á öllum eignarhlut þess í Tempo til fjárfestingasjóðsins Diversis Capital. Alfa Framtak vilji taka þátt í þeim umbreytingum sem séu fylgifiskur slíkra kaflaskila í góðri samvinnu við núverandi stjórnendur og aðra hluthafa með því að skerpa enn frekar á þjónustuframboði og skipulagi félagsins. Í þessu gæti meðal annars falist aukið sjálfstæði einstakra rekstrareininga, svo sem notendalausna, og einnig mætti skoða að fá inn meðfjárfesta í aðrar einstakar rekstrareiningar félagsins, en í því samhengi mætti nefna Syndis og lausnir fyrir ferðaþjónustu. Tækifæri gætu einnig falist í nýtingu á fjármunum félagsins til uppkaupa á hentugum viðbótareiningum við rekstur félagsins eða útgreiðslu hluta fjármunanna til hluthafa. Alfa Framtak telji jafnframt að tækifæri geti falist í almennri endurskipulagningu og endurskoðun á húsakosti félagsins. Jafnframt kemur fram í samrunaskrá að það sé skoðun Alfa Framtaks að hlutabréf Origo skuli afskráð úr kauphöll í því skyni að skapa aukinn sveigjanleika fyrir þær breytingar sem Alfa Framtak telur að ráðast þurfi í.
8. Í samrunaskrá kemur fram það mat tilkynnanda að samrunaaðilar starfi að langstærstum hluta á ótengdum mörkuðum. Því sé samruninn svokallaður samsteypusamruni þar sem tilkynnandi og önnur fyrirtæki undir yferráðum sjóða Alfa Framtaks starfi ekki á þeim mörkuðum sem Origo starfar á, og viðskipti milli fyrirtækjanna eru óveruleg. Tilkynnandi tekur fram að samsteypusamrunar hafi almennt ekki í för með sér samkeppnisleg vandamál, enda sé um að ræða samruna milli fyrirtækja sem hafa ekki samkeppnisleg tengsl sín á milli. Þá benda þeir á að ekki er fyrirséð að nein samþætting eigi sér stað við önnur fyrirtæki í eigu sjóða í stýringu Alfa Framtaks, heldur er einfaldlega um að ræða fjárfestingu sjóðs í fjárfestingarkosti sem hann telur álitlegan. Tilkynnandi telur því ekkert benda til þess að fyrirhuguð viðskipti, gangi þau eftir og tilkynnandi nær yferráðum yfir Origo, hafi í för með sér skaðleg samsteypuáhrif, heldur séu samkeppnisleg áhrif mögulegra viðskipta í raun ekki nein.
9. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir með tilkynnanda að samrunaaðilar og fyrirtæki undir yferráðum Alfa Framtaks starfi að langstærstum hluta á ótengdum mörkuðum. Þá getur Samkeppniseftirlitið einnig tekið undir mat samrunaaðila um eðli mögulegs samruna og möguleg samkeppnisleg áhrif hans. Verður ekki séð að slík samþjöppun verði, með yfirtöku Alfa Framtaks á Origo, sem er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni, að skaðlegt sé fyrir samkeppni. Í þessu ljósi er einnig vert að benda á að Samkeppniseftirlitið hefur tekið nokkrar ákvarðanir er lúta að yferráðum Alfa Framtaks á rekstrarfyrirtækjum án þess að forsendur voru til að aðhafast í þeim málum.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Sjá hér m.a. ákvörðun nr. 26/2021 Kaup AU 5 ehf. á 60% hlut í Gröfu og grjóti ehf., ákvörðun nr. 43/2019 Samruni Sjóðsins AU 3 ehf. og Málmsteypu Þorgríms Jónsson ehf. og ákvörðun nr. 21/2019 Kaup AU4 ehf. á hlutafé í Bál ehf. og Solvent ehf. – breytt yferráð yfir Motus og tengdum félögum.



10. Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að mögulegur samruni muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.

### **Ákvörðunarorð**

**„Yfirtökuboð AU 22 ehf., sem er undir yfirráðum Alfa Framtaks ehf., í allt hlutafé Origo hf. felur í sér tilkynningarskyldu í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson